

# Hornafjörður, náttúrulega!

Heildarstefna

September 2021





# HORNAFJÖRÐUR, NÁTTÚRULEGA!

Í lok ársins 2019 ákvað sveitarstjórn Sveitarfélagsins Hornafjarðar að hefja stefnumótun til næstu fimm ára með áherslu á heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna.

Að stefnumótuninni kom stór hópur úr sveitarfélaginu, bæði kjörnir fulltrúar, starfsmenn sveitarfélagsins auk annarra íbúa og hagsmunaaðila.

Í samantekt þessari er gerð grein fyrir stefnunni sem innheldur sýn, stoðir, áherslur, gildi, skuldbindingar, mælanleg markmið og dæmi um aðgerðir.

Hornafjörður, náttúrulega!







# Bakgrunnur: áhættu- og mikilvægisgreining




UFS mikilvægi




UFS mikilvægisflokkar




UFS frammistaða Hornafjarðar



UFS frammistaða Hornafjarðar



Helstu tækifæri til úrbóta



Um greininguna

Þessi áhættu- og mikilvægisgreining var unnin af KPMG í maí 2021. Greiningin byggir á ítarlegri aðferðafræði sem KPMG hefur þróað sl. þrjú ár og er ætlað að meta hvaða UFS þættir eru mikilvægir fyrir mismunandi aðila og meta frammistöðu þeirra gagnvart þeim mikilvægisþáttum.

Aðferðafræðin tekur í myndina mismunandi atvinnugeira og t.a.m. mismunandi aðstæður milli sveitarfélaga.


# Bakgrunnur: aðferðafræði



Haft var í huga að umhverfi um alþjóðlegar skuldbindingar er að þróast mjög hratt og mælir KPMG með að Hornafjörður gangi til liðs við Covenant of Mayors.

Skoðuð voru samanburðarsveitarfélög, erlend og innlend.

Haft var í huga að Aðgerðaráætlun Íslands í loftslagsmálum (2020) og skuldbindingar gagnvart Heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna (UN SDGs).



Til grundvallar lá áhættu- og mikilvægismat KPMG sem byggir á sýn fjármálamarkaða á stærstu áhættuþætti sveitarfélaga.

Haft var í huga að það muni koma að mælingu og útreikningum á loftslagsáhrifum.

Síðasta skrefið er svo að samhæfa öll fyrri skref við Hornafjörð og sértækar aðstæður þar og fyrri vinnu bæjarstjórnar.



# Hornafjörður, náttúrulega!

## SÝN

Sveitarfélagið er eftirsóknarverður og fjölskylduvænn búsetukostur sem fólk vill sækja heim. Mannlíf og lífsgæði blómstra í sátt og samlyndi við umhverfi og náttúru.

Fólk hefur hér jöfn tækifæri í velferðarsamfélagi og þjónusta er framúrskarandi. Menning er lifandi og öflug nýsköpun til staðar.

## STOÐIR

### UMHVERFIS- OG LOFTSLAGSMÁL

Tekur á loftslagsbreytingum, líffræðilegum fjölbreytileika, verndun náttúrunnar og lífkerfa, mengun, úrgangsmálum og hringrásarhagkerfinu.

### FÉLAGSLEGIR ÞÆTTIR

Tekur á heilsu og vellíðan, jafnrétti, jöfnuði, möguleikum á að lifa með reisn og hæfni fólks.

### HAGSÆLD

Tekur á atvinnumöguleikum, fjárfestingum í innviðum og nýsköpun og framlagi til samfélagsins.

### STJÓRNARHÆTTIR

Tekur á stjórnsýslunni, góðum stjórnarháttum, samskiptum við hagaðila, siðferðislegum viðmiðum, áhættustýringu og yfirsýn stjórnenda.

## ÁHERSLUR

### LEIÐANDI Í UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁLUM

Við ætlum að vera framfaradrifið sjálfbært fyrirmyndar-samfélag þar sem fólk býr í sátt og samlyndi við náttúruna.

### FJÖLSKYLDUVÆNT SAMFÉLAG

Við viljum búa í fjölskylduvænu og heilsueflandi samfélagi þar sem fólk hefur jöfn tækifæri og fær þjónustu og menntun við hæfi.

### BLÓMLEGT ATVINNULÍF

Við viljum blómlegt og sjálfbært atvinnulíf með fjölbreyttum atvinnutækifærum sem byggist á styrkleikum svæðisins ekki síst við að vera í ríki Vatnajökuls.

### GAGNSÆ OG AÐGENGILEG STJÓRNSÝSLA

Við viljum einfalda og heiðarlega stjórnsýslu þar sem gagnsæ vinnubrögð eru í forgrunni ásamt rafrænni stjórnsýslu.

# Gildi

Um gildin

GILDI

Við erum sammála um gildin þrjú sem eru leiðarljós í allri starfsemi okkar og einkenni fyrir okkar menningu. Við berum virðingu fyrir fólki, umhverfi og náttúru, hugsum til framtíðar og vinnum saman að fyrirmyndar samfélagi.

## VIRÐING

Berum virðingu fyrir hvert öðru og erum umburðarlynd fyrir fjölbreytileika íbúanna. Við berum einnig virðingu fyrir umhverfinu sem við búum í.

## FRAMSÆKNI

Við mætum framtíðinni með krafti, frumkvæði og nýsköpun og þorum að leita nýrra lausna jafnt í atvinnulífi sem og í menntun.

## SAMVINNA

Við höfum samvinnu, samstöðu og jákvæðni að leiðarljósi í öllum störfum okkar og vitum að saman erum við sterkari.



# Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna

Um heimsmarkmiðin

Heimsmarkmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun eru samþykkt af aðildarríkjum og er með samstilltu átaki ætlað að bæta líf og heilsu mannkyns og jarðar.

Markmiðin 17 eru margþætt, metnaðarfull og mynda, með 169 undirmarkmiðum, samræmda heild innanlands og alþjóðlega.

Heimsmarkmiðin okkar

Stefna Hornafjarðar byggir á heimsmarkmiðum Sameinuðu þjóðanna. Byggt á áhættu og mikilvægisgreiningu fyrir sveitarfélagið er lögð áhersla á 11 heimsmarkmið og þau tengd við fjóra megin áherslupætti stefnunnar.

1 ENGIN FÁTÆKT



2 EKKERT HUNGUR



3 HEILSA OG VELLÍÐAN



4 MENNTUN FYRIR ALLA



5 JAFNRÉTTI KYNJANNA



6 HREINT VATN OG HREINLÆTISABSTAÐA



7 SJÁLFBÆR ORKA



8 GÓÐ ATVINNA OG HAGVÖXTUR



9 NÝSKÖPUN OG UPPBYGGING



10 AUKINN JÖFNUÐUR



11 SJÁLFBÆRAR BORGIR OG SAMFÉLÖG



12 ÁBYRG NEYSLA OG FRAMLEIÐSLA



13 AÐGERDIRÍ LOFTSLAGSMÁLUM



14 LÍF Í VATNI



15 LÍF Á LANDI



16 FRIDUR OG RÉTTLÆTI



17 SAMVINNA UM MARKMIÐIN



HEIMSMARKMIÐIN  
Markmið Sameinuðu þjóðanna um sjálfbæra þróun

# LEIÐANDI Í UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁLUM

12 ÁBYRG NEYSLA  
OG FRAMLEIÐSLA



12.2, 12.5

13 AÐGERDIR Í  
LOFTSLAGSMÁLUM



13.1, 13.2, 13.3

14 LÍF Í  
VATNI



14.1

15 LÍF Á  
LANDI



15.3, 15.5

## Áhersla

Við ætlum að vera framfaradrifið sjálfbært fyrirmyndar-samfélag þar sem fólk býr í sátt og samlyndi við náttúruna.

## Skuldbindingar

1. Sjálfbært neyslu- og framleiðslumynstur í sveitarfélaginu verði tryggt (12)
2. Grípa til bráðra aðgerða gegn loftslagsbreytingum og áhrifum þeirra (13).
3. Vernda og nýta hafið og auðlindir þess á sjálfbæran hátt í því skyni að stuðla að sjálfbærri þróun (14).
4. Vernda, endurheimta og stuðla að sjálfbærri nýtingu vistkerfa á landi, stöðva jarðvegseyðingu, endurheimta landgæði og sporna við hnignun líffræðilegrar fjölbreytni (15).

Tölur í sviga greina frá tengingum við ákveðin heimsmarkmið

## Mælanlegt yfirmarkmið

Kolefnishlutlaust sveitarfélag árið 2030.

## Mælikvarðar

- 12.5 Yfirlit yfir úrgangsmyndun og meðhöndlun (GRI\*).
- 12.5.1 Innlent endurvinnsluhlutfall, fjöldi tonna sem endurnýttur er.
- 13.2.2 Heildarlosun gróðurhúsalofttegunda á ári.
- 13.1 Upplýsingar um áhættu vegna loftslagsáhættu og hvernig spornað er við þeim samkvæmt leiðbeiningum TCFD\* (WEF\*).
- 14.1.1 Stuðull fyrir ofauðgun strandsvæða og þéttleika fljótandi plastúrgangs.
- 15.3.1 Hlutfall landhnignunar af heildarlandsvæði.
- 15.5.1 Rauðlistastuðull.

Töluleg merking mælikvarðana er tenging við mælikvarða heimsmarkmiðanna hjá Hagstofu Íslands

\*GRI = Global Reporting Initiative (alþjóðlegar leiðbeiningar um sjálfbærnisráslugjöf)

\*TCFD = Task Force on Climate Related Risk Disclosures (alþjóðlegar leiðbeiningar um upplýsingagjöf um loftslagsáhættu)

\*WEF = World Economic Forum (alþjóðleg viðskiptasamtök)



# FJÖLSKYLDUVÆNT SAMFÉLAG



## Áhersla

Við viljum búa í fjölskylduvænu og heilsueflandi samfélagi þar sem fólk hefur jöfn tækifæri og fær þjónustu og menntun við hæfi.

## Skuldbindingar

1. Stuðla að heilbrigðu lífverni og vellíðan fyrir alla frá vöggu til grafar (3).
2. Tryggja jafnan aðgang allra að góðri menntun og stuðla að tækifærum allra til náms alla ævi (4).
3. Jafnrétti kynjanna verði tryggt og völd stúlkna, kvenna og kynsegin fólks eflað (5).
4. Draga úr ójöfnuði innan sveitarfélagsins (10).
5. Auka fjölbreytileika með aðstoð við aðlögun samfélagsins (10).

Tölur í sviga greina frá tengingum við ákveðin heimsmarkmið

## Mælanlegt yfirmarkmið

Yfir 80% ánægja íbúa með að búa í sveitarfélaginu árið 2025.

## Mælikvarðar

- 3.8.1. Umfang nauðsynlegrar heilbrigðisþjónustu.
- 4.1.2 Brautskráningarhlutfall nemenda í grunn- og framhaldsskólum.
- 4.3.1. Þátttökuhlutfall ungmenna og fullorðinna í formlegu og óformlegu námi og þjálfun á síðastliðnum 12 mánuðum, eftir kyni.
- 4.c1. Hlutfall fagmenntunar í skólum samfélagsins.
- 5.2.1/2. Hlutfall kvenna eldri en 15 ára sem hafa orðið fyrir líkamlegu, kynferðislegu eða andlegu ofbeldi á síðastliðnum 12 mánuðum.
- 5.4. Vinnustundir á viku, fjöldi vinnustunda sem fólk telur sig hafa unnið í aðal- og aukastarfi (Félagsvísir).
- 5.5.1/2 Hlutfall kvenna í sveitastjórn og í stjórnunarstöðum hjá sveitarfélaginu.
- 10.2 Hlutfall einstaklinga með tekjur undir 60% af miðgildi ráðstöfunartekna (Félagsvísir).
- 10.2 Hlutfall barna sem býr á heimilum sem eru undir lágtekjumörkum (Félagsvísir).

Töluleg merking mælikvarðana er tenging við mælikvarða heimsmarkmiðanna hjá Hagstofu Íslands

# BLÓMLEGT ATVINNULÍF



4.4



8.2, 8.5, 8.8



9.1

## Áhersla

Við viljum blómlegt og sjálfbært atvinnulíf með fjölbreyttum **atvinnutækifærum** sem byggist á styrkleikum svæðisins ekki síst við að vera í ríki Vatnajökuls.

## Skuldbindingar

1. Stuðla að viðvarandi sjálfbærum hagvexti og arðbærum og mannsæmandi atvinnutækifærum fyrir alla íbúa (8).
2. Hlúa að frumkvæði með áherslu á sjálfbæra og tæknilega nýsköpun (8).
3. Horft til afþreyingartengdrar nýsköpunar tengt því að vera í ríki Vatnajökuls með áherslu á jöklaferðamennsku og tengda þjónustu (8).
4. Byggja upp viðnámsþolna innviði fyrir alla íbúa, stuðla að sjálfbærri iðnvæðingu og hlúa að nýsköpun (9).
5. Styðja við hátæknigreinar og tækifæri skapandi greina (4).

Tölur í sviga greina frá tengingum við ákveðin heimsmarkmið

## Mælanlegt yfirmarkmið

Miðgildi heildartekna á íbúa í sveitarfélaginu hærri en á landsvísu árið 2025.

## Mælikvarðar

- 4.4.1 Hlutfall ungmenna og fullorðinna sem búa yfir upplýsinga- og fjarskiptatækniþekkingu, eftir tegund þekkingar.
- 8.2.1 Árlegur raunvöxtur vergrar landsframléiðslu á hvern vinnandi einstakling.
- 8.5. Fjöldi nýrra starfa sem til verða árlega (WEF\*).
- 8.5.2. Atvinnuleysishlutfall eftir kyni, aldri og fötluðum einstaklingum.
- 8.8.2. Hlutfall vinnuafis sem nýtur fullra réttinda í samræmi við íslenska löggjöf.
- 9.1.c. Hlutfall íbúa með aðgang að farsímaneti.
- 9.1.1. Hlutfall íbúa í dreifbýli sem býr innan við 2 km fjarlægð frá heilsársvegi.

Töluleg merking mælikvarðana er tenging við mælikvarða heimsmarkmiðanna hjá Hagstofu Íslands

\*WEF = World Economic Forum (alþjóðleg viðskiptasamtök)



# GAGNSÆ OG AÐGENGILEG STJÓRNSÝSLA



11.3, 11.4



16.6, 16.7



17.7

## Áhersla

Við viljum einfalda og heiðarlega stjórnsýslu þar sem gagnsæ vinnubrögð eru í forgrunni ásamt rafrænni stjórnsýslu.

## Mælanlegt yfirmarkmið

Yfir 90% ánægja íbúa með heildarþjónustu sveitarfélagsins árið 2025.

## Skuldbindingar

1. Gera sveitafélagið öllu fólki auðnotað, öruggt, viðnámsþolið og sjálfbært (11).
2. Byggja upp skilvirkar og ábyrgar stofnanir fyrir alla íbúa. (16).
3. Tryggja upplýsingagjöf til íbúa og annarra hagaðila um sjálfbærni vegferð sveitafélagsins (16).
4. Taka virkan þátt í innlendum og erlendum samstarfsverkefnum sem styðja sjálfbæra þróun (e.g. Covenant of Mayors\*, loftslagssamkomulag Festu, og barnvænt samfélag) (17).
5. Blása lífi í alþjóðlegt samstarf um sjálfbæra þróun og grípa til aðgerða (17).

## Mælikvarðar


- 11.1.1. Hlutfall íbúa í þéttbýli sem búa í fátækrahverfum, óformlegu húsnæði eða óviðunandi húsnæði.
- 11.3.1. Hlutfall milli landnýtingar og fólksfjölgunar.
- 11.3.2. Hlutfall íbúa, sem með reglubundnum og lýðræðislegum hætti, taka beinan þátt við skipulag og stjórnun sveitarfélagsins.
- 16.6.2. Hlutfall íbúa sem eru ánægð með þjónustu sveitarfélagsins á s.l. 12 mánuðum, brotið niður eftir tegund þjónustu.
- 16.7.1. Hlutfall stöðugilda (eftir kyni, aldri, fötluðum einstaklingum og þjóðfélagshópum) hjá opinberum stofnunum borið saman við skiptinu í samfélaginu.
- 16.7.2. Hlutfall íbúa sem telja ákvarðanatöku vera fyrir alla íbúa og að brugðist sé við slíku eftir kyni, aldri fötlun og þjóðfélagshóp.

Tölur í sviga greina frá tengingum við ákveðin heimsmarkmið

\*Covenant of Mayors (alþjóðleg samtök sveitarfélaga um loftslagsmál og sjálfbærni)


Töluleg merking mælikvarðana er tenging við mælikvarða heimsmarkmiðanna hjá Hagstofu Íslands

# Ábyrgðarhlutverk við innleiðingu á stefnu






# Næstu skref



# Viðauki: Tímasetning aðgerða - sjónrænt





LEIÐANDI Í UMHVERFIS- OG LOFTLAGSMÁLUM

GAGNSÆ OG AÐGENGILEG STJÓRNSÝSLA



# Hér má sjá stöðuna á aðgerðum, gullitað eru aðgerðir sem eru komnar vel á veg eða lokið.






Hluti af aðgerðum,  
koma fram í  
aðgerðaráætlun

## Umhverfis- og loftslagsmál:

- Endurskoðun aðalskipulags sem byggir á heimsmarkmiðum og verði lokið fyrir árið 2023.
- Ný umhverfisstefna þar sem gert er ráð fyrir mótvægisáðgerðum fyrir árslok 2021.
- Losun gróðurhúsalofttegunda, auðlindanotkun og úrgangsmýndun er kortlögð fyrir árslok 2022.
- Stuðningur við bæjarbúa til vistvæns lífsstíls (t.d. vistvænir dagar að hausti og vori) innleitt fyrir lok árs 2022.
- 60% af innkaupum stofnana er hægt að skilgreina sem græn fyrir árslok 2023.
- Efling innviða fyrir vistvæn ökutæki árin 2021 - 2030, t.d. með hleðslustöðvum og metan áfyllingarstöðvum.
- Draga úr sorpmyndun um 66% til 2030 og auka endurvinnslu í samræmi við markmið ríkisstjórnarinnar.
- Greina möguleikann á grænum iðngarði sem myndar hringrásarhagkerfi með tengingu orkuöflunar, matvælaframleiðslu og ferðamennsku árið 2022.

## Fjölskylduvænt samfélag:

- Gera þarfagreiningu meðal íbúa um heilbrigðisþjónustu á svæðinu.
- Gerast aðilar að verkefninu „barnvænt samfélag“ og innleiða líkan fyrir árslok 2022.
- Endurskoða undirstefnur félagsmála, jafnréttis, menntamál og heilbrigðismála fyrir árslok 2022.
- Fjölga útivistarmöguleikum innan bæjarmarka.
- Tryggja börnum leikskólagöngu við lok fæðingarorlofs (við eins árs aldur) árið 2022.
- Kortleggja fjölda og fjölbreytni menningarviðburða og þátttöku fyrir lok árs 2023.
- 30% fleiri ljúki framhaldsskóla- og starfsmenntun og auka hlutfall háskólamenntaðra í samfélaginu fyrri árslok 2025.
- Koma á virkniúrræðum fyrir íbúa í félagslegri einangrun og með skerta starfsgetu, koma á starfsendurhæfingu Hornafjarðar.
- Greina þarfir íbúa af erlendum uppruna.



## Hluti af aðgerðum, koma fram í aðgerðaráætlun

### **Blómlegt atvinnulíf:**

- Gera hagaðilagreiningu fyrir árslok 2021.
- Auka nýsköpunarfræðslu, og kynna tækifæri hátækni- og skapandi greina.
- Efla menntun til stuðnings jöklaferðamennsku og sjálfbærri ferðamennsku.
- Styðja við rannsóknir sem nýtast atvinnugreinum í sveitarfélaginu.
- Tryggja framúrskarandi fjarvinnumöguleika.
- Gera fjárfestingaáætlun fyrir innviði sem styðja við helstu atvinnugreinar í og við sveitafélagið árið 2023.
- Búa til samstafsvettvang opinberageirans, einkaaðila og borgara að bættri framlegð í samfélaginu.

### **Gagnsæ og aðgengileg stjórnsýsla:**

- Samræming á stefnum sveitarfélagsins með tilliti til heimsmarkmiða og upplýsa íbúa um það fyrir árslok 2021.
- Móta þjónustustefnu og viðmið fyrir árslok 2021.
- Gera þarfagreiningu meðal barna með sérþarfir fyrir árslok 2021.
- 100% umsókna sveitarfélagsins verði rafrænar fyrir lok ársins 2022.
- Öllum erindum til sveitarfélagsins sé svarað innan 2ja vikna frá móttöku fyrir árslok 2022.
- Nýta okkur efni af fræðsluvef Sambandsins um stafræna þróun.
- Móta og innleiða stefnu um stafræna stjórnsýslu fyrir lok árs 2023.
- Móta stefnu um samráð í málefnum SVH og setja upp rafræna samráðsgátt fyrir lok árs 2023.